

Því úrskurðast:

Krafa umboðsmanns gerðarþola, Magnúsar Thorlacius, um að fulltrúi sýslumanns, Kristinn Ólafsson, víki dómarasæti í máli þessu, verður ekki tekin til greina.

Föstudaginn 23. nóvember 1951.

Nr. 147/1951. **Ákærvaldið** (Ragnar Ólafsson)
 gegn
Erni Hauksteini Matthíassyni
 (Gústaf A. Sveinsson).

Fjárdráttur opinbers starfsmanns.

Dómur Hæstaréttar.

Sakaratriðum er rétt lýst í hinum áfrýjaða dómi. Tóbaks-einkasala ríkisins er stofnuð samkvæmt lögum nr. 58/1931. Leggur ríkissjóður fram það fé, sem þarf til rekstrar hennar, en ríkisstjórnin annast reksturinn. Ágóði af verzluninni greiðist í ríkissjóð. Ákærði var gjaldkeri einkasölnunnar. Samkvæmt þessu verður að telja hann opinberan starfsmann í merkingu laga nr. 19/1940.

Brot ákærða varðar við 1. mgr. 247. gr. og 138. gr. almennra hegningarlaga, enda eru skilyrði fyrir hendi samkvæmt niðurlagsákvæði 118. gr. laga nr. 27/1951 til þess að beita 138. gr. almennra hegningarlaga, þótt hennar sé ekki getið í ákæruskjalinu.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin í héraðsdómi, og með því að staðfesta ber önnur ákvæði hins áfrýjaða dóms, á héraðsdómurinn að vera óraskaður.

Ákærða ber að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Örn Hauksteinn Matthíasson, greiði allan

kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Ragnars Ólafssonar og Gústafs A. Sveinssonar, kr. 1500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 1. sept. 1951.

Ár 1951, laugardaginn 1. september, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í hegningarhúsinu af Valdimar Stefánssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í málinu nr. 3084/1951: Ákærvaldið gegn Erni Hauksteini Matthíassyni, sem tekið var til dóms 30. ágúst sama ár.

Málið er af ákærvaldsins hálfu höfðað gegn Erni Hauksteini Matthíassyni, fyrrverandi gjaldkera, Sjafnargötu 8 hér í bæ, fyrir fjárdrátt úr sjóði Tóbakseinkasölu ríkisins á árunum 1938—1951 og jafnframt fyrir brot í opinberu starfi fyrir að hafa framið fjárdráttinn, meðan hann var gjaldkeri stofnunarinnar. Ákærður er hann til refsingar fyrir brot gegn 247. og 139. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940 svo og til sviptingar kosningarréttar og kjörgengis, til greiðslu alls sakarkostnaðar og skaðabóta til Tóbakseinkasölu ríkisins.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 27. ágúst 1907 í Haukadal í Þingeyrarhreppi. Hinn 11. ágúst 1930 hlaut hann með sátt í lögreglurétti Reykjavíkur að greiða 5 króna sekt fyrir lögreglusamþykktarbrott, en að öðru leyti hefur hann eigi, svo kunnugt sé, sætt ákæru né refsingu.

Samkvæmt skýrslu ákærða og öðru, sem fram er komið í rannsókn málsins, verða málsatvik nú rakin.

Að loknu barnaskólanámi lagði ákærði fyrir sig verzlunarstörf, og vann hann lengst af í Landsverzluninni og síðar Tóbaksverzlun Íslands, en þegar sú verzlun hætti störfum og Tóbakseinkasala ríkisins var sett á stofn, sbr. lög nr. 58 8. september 1931, gekk hann ásamt öðrum starfsmönnum Tóbaksverzlunar Íslands í þjónustu einkasölnunnar, án þess að neitt væri bréflengt um það gert. Kveðst ákærði aldrei hafa fengið ráðningarbref, skipunar- né erindisbref né nein skilríki fyrir starfi sínu hjá einkasölnunni, og fram er komið bréf endurskoðunardeildar Fjármálaráðuneytisins um, að ekki verði séð, að ákærði, gjaldkeri einkasölnunnar, hafi verið skriflega ráðinn til þess starfa. Ákærði hefur verið starfsmaður einkasölnunnar frá stofnun hennar þar til í lok síðastliðins málmánaðar, að upp komst um fjárdrátt þann, sem brátt verður að vikið.

Árið 1937 varð ákærði gjaldkeri einkasölnunnar, og gegndi hann því starfi einn til 1947, en eftir þann tíma var hann aðalgjaldkeri stofnunarinnar, en hafði aðstoðargjaldkera. Jafnframt gjaldkerastarfinu annaðist ákærði allt frá árinu 1937 innheimtu útistandandi skulda einkasölnunnar. Í vor lét forstjóri einkasölnunnar í samráði við endurskoðunarskrifstofu Björns E. Árnasonar, sem annazt hefur endurskoðun reikninga einkasöl-

unnar frá stofnun hennar, að því er virðist, breyta að nokkru tilhöggun á bókhaldi einkasölnunnar, en við þær breytingar varð ljóst, að í sjóð stofnunarinnar vantaði kr. 473.412.68, og viðurkenndi ákærði fyrir forstjóranum hinn 28. maí s.l., að hann hefði dregið sér úr sjóðnum fjárhæð, sem þessu svaraði.

Áður en málinu var vísað til opinberra aðgerða, var það rannsakað innan stofnunarinnar einkum í því skyni að finna hina réttu upphæð vöntunarinnar, og voru þær athuganir framkvæmdar af forstjóranum og endurskoðanda og í samráði við ákærða, en í skrifborði hans í stofnuninni voru ýmis gögn, sem veittu upplýsingar um upphæðina.

Við rannsókn málsins í dómi hefur ákærði hreinskilnislega kannast við að hafa dregið sér framangreinda fjárhæð úr sjóði einkasölnunnar, og hefur hann staðfastlega haldið því fram, að hann hafi eytt þessu fé í eigin þarfir að undanteknum litlum hluta þess, sem hann lánaði og síðar verður vikið að. Eigi kveðst ákærði gerla muna, hvenær hann byrjaði að draga sér fé einkasölnunnar, en gerir ráð fyrir, að það hafi verið 1939 eða 1938. Fyrst í stað var um lágar fjárhæðir að ræða, og hefur ákærði í því sambandi skýrt frá því, að sig minni, að fjárdrátturinn hafi numið 4—5000 króna, þegar hann fór í sumarleyfi í júlí 1939. Eftir þetta óx upphæðin smátt og smátt. Hinn 8. marz 1941 gekk ákærði í stúku og var í henni til jafnlangdar næsta ár. Þegar hann gekk í stúkuna, hafði upphæðin aukizt verulega frá sumrinu 1939, og telur hann hana þá hafa numið um 50 þúsundum króna. Meðan hann var í stúkunni, óx upphæðin ekki, og skýrir hann svo frá, að hann hafi haft fullan vilja á að endurgreiða hana, en sökum þess að tekjur sínar hafi ekki gert betur en að hrökkva fyrir nauðsynlegum kostnaði við heimilið, hafi ekkert orðið úr endurgreiðslu.

Eftir brottför ákærða úr stúkunni segir hann upphæðina hafa tekið örum vexti og að á árunum 1943—1945 hafi hún vaxið tiltölulega langmest, því að á því tímabili hafi kveðið mest að óreglu sinni og eyðslu. Eigi er ákærða ljóst, hverju upphæðin nam á hverjum tíma, en ganga segir hann mega út frá því sem vísu, að sér hafi orðið það ljóst í síðasta lagi fyrir árslok 1946, að hún væri komin upp í 300 þúsund krónur, og ári síðar, eða fyrir árslok 1947, að hún væri komin upp í 350 þúsund krónur. Frá þessum tíma óx upphæðin smátt og smátt í það, sem hún var orðin, þegar málið upplýstist og áður er frá skýrt. Hefur ákærði eigi skýrt nánar frá þeirri aukningu en svo, að hún hafi verið nokkuð jöfn á hverjum tíma.

Allt þetta fé dró ákærði sér af greiðslum til einkasölnunnar frá viðskiptamönnum hennar utan Reykjavíkur. Vegna starfs síns sem gjaldkeri og innheimtumaður stofnunarinnar fékk hann í pósthúsinu hér og lánsstofnunum greiddar póstaðísanir og aðrar ávísanir, sem stofnunin fékk frá viðskiptamönnum sínum sem greiðslu fyrir vörur, og framseldi hann sjálfur fyrir stofnunarinnar hönd ávísanir þessar. Fjárdrátturinn fór þannig fram, að ákærði sló eign sinni á fé, sem hann þannig innheimti, og færði það ekki inn í bækur stofnunarinnar sem greiðslu fyrir en síðar,

að hann hafði fengið nýrri ávísanir greiddar. Af þessum síðari greiðslum bókfærði hann greiðslu eldri kröfunnar, og kom það oft og einatt fyrir, ef nýrri krafan var hærri en sú eldri, að hann dró sér mismuninn. Þannig skipti hann um öðru hverju, bókfærði eldri innborganir, en lét í sjóð peninga, sem hann tók af nýrri innborgunum, þó þannig að upphæðin óx jafnt og þétt, og tókst honum með þessum hætti að koma í veg fyrir, að nokkurn tíma mynduðust óeðlilega gamlar útstandandi skuldir. Vegna þessa háttar ákærða og fyrirkomulags á skrifstofuhaldi einkasölnunnar varð endurskoðunarskrifstofan eigi vör við sjóðvöntunina fyrr en í vor, að breyta skyldi um fyrirkomulagið.

Ákærði skýrir svo frá, að þegar hann varð þess visari í vor, að fyrirkomulagsbreyting væri í vændum í stofnuninni, sem hlyti að leiða fjárdráttinn í ljós, hafi hann haft mikinn hug á að skýra forstjóranum frá, hvernig komið væri fyrir sér, en sig hafi brostið kjark til að gera það að fyrra bragði.

Fé því, sem ákærði dró sér og lánaði ekki, svo sem brátt verður að vikið, kveðst hann öllu hafa eytt í áfengi og drykkjuskap. Kveðst hann allt frá 1937, að undanskildu árinu, sem hann var í stúku, hafa neytt mikils áfengis og veitt öðrum með sér. Tiltölulega snemma á tímabilinu hafi sér orðið ljóst, að vonlaust væri fyrir sig að endurgreiða það fé, sem hann hafði dregið sér, og hafi fjárdrátturinn hvílt á sér eins og mara síðan og hugarstrið sitt leitt sig sífellt lengra og lengra út í áfengisnautn og áframhaldandi fjárdrátt.

Sökum þess að ákærði hefur lítið fært fram til stuðnings frásögn sinni um eyðslu fjárins og ástæða hefur þótt til að draga í efa sannleiksgildi þessarar frásagnar hans, hefur mjög verið gengið á hann um nánari upplýsingar um eyðslu fjárins en hann hefur gefið, en hann hefur staðfastlega fullyrt, að það sé allt eytt í drykkjuskap og að enginn hafi verið í vitorði með sér um tóku þess eða eyðslu.

Eins og áður er á minnt, hafði ákærði lánað úr sjóði einkasölnunnar fjárhæð, sem samkvæmt skilríkjum í sjóði nam kr. 17.714.00. Þetta lánsfé var mjög bráðlega greitt, og auk þess virðist ákærði samkvæmt bréfum einkasölnunnar hafa greitt til viðbótar þannig, að alls greiddust í sjóðinn kr. 23.714.00. Eftir standa því ógreiddar af heildarupphæðinni kr. 449.698.68.

Ákærði hefur látið þess getið, að stundum hafi hann við sjóðsuppger orðið þess var, að meira vantaði í sjóðinn en hann hafði dregið sér úr honum, og telur hann það geta stafað af villum í bókhaldi sínu. Aldrei athugaði hann þó, hvort svo væri, og hefur því engin dæmi getað nefnt um þetta.

Eins og málavöxtum hefur nú verið lýst, er ljóst, að ákærði hefur gerzt brotlegur við 247. gr. 1. mgr. hegningarlaganna, og þar sem hann var opinber starfsmaður sem gjaldkeri Tóbakseinkasölu ríkisins öll þau ár, sem hann framdi fjárdráttinn úr sjóði hennar, þykir verknaður hans einnig varða við 139. gr. hegningarlaganna.

Með hliðsjón af 77. gr. hegningarlaganna þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 2 ár. Ákærði hefur verið í gæzluvarðhaldi síðan 26.

júlí s.l., og samkvæmt 76. gr. hegningarlaganna ber að ákveða, að gæzluvarðhaldsvistin skuli með fullri dagatölu koma refsingunni til frádráttar.

Samkvæmt 68. gr. 3. mgr. hegningarlaganna ber að svipta ákærða frá birtingu dóms þessa kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga. Fjármálaráðuneytið hefur borið fram þá kröfu, að ákærði verði dæmdur til að greiða Tóbakseinkasölu ríkisins skaðabætur, að upphæð kr. 449.698.68 auk 5% ársvaxta frá þeim tíma, er féð var tekið úr sjóði. Kröfu þessa hefur ákærði samþykkt, og verður krafan um höfuðstólinn og vaxtahæðina tekin til greina. Ókleift er að sjá með vissu, hvenær féð var tekið úr sjóði, og verður því að miða vaxtagreiðslur við það, sem ákærði hefur um það borið, hve háum upphæðum fjádrátturinn nam á hverjum tíma.

Þykir rétt að ákveða vaxtagreiðslur þannig, að ákærði greiði 5% ársvexti af kr. 50.000.00 frá 8. marz 1941 til 1. janúar 1947, af kr. 300.000.00 frá þeim tíma til 1. janúar 1948, af kr. 350.000.00 frá þeim tíma til 7. júní 1951, er rannsókn máls þessa hófst, og af kr. 449.698.68 frá þeim tíma til greiðsludags.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Gústafs A. Sveinsson, kr. 800.00.

Dómsorð:

Ákærði, Örn Hauksteinn Matthíasson, sæti fangelsi í 2 ár.

Gæzluvarðhald hans komi refsingunni til frádráttar með fullri dagatölu.

Ákærði er frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga. Ákærði greiði Tóbakseinkasölu ríkisins kr. 449.698.68 ásamt 5% ársvöxtum af kr. 50.000.00 frá 8. marz 1941 til 1. janúar 1947, af kr. 300.000.00 frá þeim tíma til 1. janúar 1948, af kr. 350.000.00 frá þeim tíma til 7. júní 1951 og af kr. 449.698.68 frá þeim tíma til greiðsludags.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Gústafs A. Sveinssonar, kr. 800.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.